

## Áhættustefna

### 1. Inngangur

Tilgangur með áhættustefnu Landsvirkjunar er að stuðla að skipulagðri greiningu og meðhöndlun áhættu í samræmi við áhættuvilja stjórnar.

Áhættustefna Landsvirkjunar er sett af stjórn fyrirtækisins að fenginni tillögu frá forstjóra fyrirtækisins.

### 2. Gildissvið

Áhættustefnan á við um móðurfélagið Landsvirkjun og nær til allra þeirra sem starfa fyrir Landsvirkjun, en þó ekki dótturfélaga.

Áhættustefnan varðar öll mikilvægustu ferli fyrirtækisins og nær til allra sviða, starfssvæða og verkefna, eins og við á hverju sinni.

Ákvarðanataka í rekstri fyrirtækisins, óháð umfangi og mikilvægi, skal taka tillit til áhættu.

### 3. Hugtakaskilgreiningar

Áhætta: Áhætta er skilgreind sem óvissa um ókomna atburði og áhrif þeirra á markmið og framtíðarsýn fyrirtækisins til lengri eða skemmti tíma.

Áhættustýring: Kerfisbundin nálgun sem ætlað er að auðkenna, meta, meðhöndla og stjórna áhættum fyrirtækisins.

Áhættuvilji: Áhættuvilji endurspeglar hversu mikla áhættu fyrirtækið er tilbúið að taka til þess að ná markmiðum sínum.

Áhættuviðmið: Skilgreind viðmið fyrirtækisins um mörk ásættanlegar áhættu.

### 4. Áhættustefna

Það er stefna Landsvirkjunar að áhættustýring sé samofin menningu og athöfnum allra sem koma að rekstri og uppyggingu fyrirtækisins, í þeim tilgangi að tryggja árangursríkan, stöðugan og ábyrgan rekstur. Áhersla er lögð á að;

- Stefnur fyrirtækisins, markmið og áætlanir gangi eftir
- Eignir fyrirtækisins séu varðar með viðunandi hætti
- Komið sé í veg fyrir alvarleg slys á fólki
- Rekstur fyrirtækisins sé án umhverfisatvika
- Upplýsingar séu aðgengilegar, viðeigandi og réttar
- Starfsfólk starfi í samræmi við stefnur, reglur, verklagsreglur og áætlanir og virði lög, reglugerðir og tilmæli sem gilda um starfsemina.

### 5. Áhættuvilji

Landsvirkjun leggur kapp á að starfa þannig að öryggi fólks, viðskiptavina og eigna fyrirtækisins sé tryggt, fjárhagsleg staða fyrirtækisins sé traust og neikvæð umhverfisáhrif lágmörkuð.

Fyrirtækið er þó meðvitað um að til að ná markmiðum sínum og nýta tækifæri í breytilegu umhverfi getur áhættutaka reynst nauðsynleg. Fyrirtækið tekur þannig upplýsta áhættu í tengslum við:

- nýsköpun og viðskiptaþróun
- fjárfestingar í nýjum orkuvirkjum
- gerð raforkusamninga.

Skilgreiningu á áhættuvilja Landsvirkjunar er að finna í viðauka A.

  
  


## 6. Innleiðing

Forstjóri innleiðir áhættustefnu fyrirtækisins og sér til þess að til staðar séu skilvirk áhættustýringarkerfi og ferli til stuðnings stefnunni. Hann tryggir að ábyrgðarsvið þeirra sem koma að áhættustýringu sé skýrt, að eftirlit með áhættu sé fullnægjandi og yfirsýn sé til staðar yfir áhættur fyrirtækisins. Forstjóri setur jafnramt fram áhættuviðmið fyrir starfsemi fyrirtækisins í samræmi við áhættuvilja.

## 7. Mælikvarðar

Mælikvarðar sem notaðar eru til að meta áhættu og árangur af innleiðingu áhættustefnu.

- Framboðs- og eftirspurnaráhætta sem og markaðsáhætta:
  - o Ebitda - frávik frá áætlun, helstu orsakaþættir.
  - o Ebitda - óvissa í spá, magn óvissu og helstu óvissuþættir.
- Lausafjáráhætta: söguleg og vænt lausafjárþróun og álagspróf.
- Mótaðila- og samþjöppunaráhætta: líkur á vanskilum, hlutfallsgreining, HHI-vísitala.

## 8. Eftirlit

Áhættunefnd stjórnar hefur eftirlit með framkvæmd áhættustýringar og leggur mat á virkni hennar.

Endurskoðunarnefnd, ásamt ytri endurskoðanda, rýnir virkni áhættustýringar og innra eftirlits í tengslum við áreiðanleika fjárhagsupplýsinga og reikningsskil fyrirtækisins.

## 9. Upplýsingagjöf

Mælikvarðar og upplýsingar um áhættu koma fram í ársfjórðungsyfirliti til stjórnar og eftir tilvikum í kynningum fyrir stjórn.

Áhættunefnd stjórnar og endurskoðunarnefnd stjórnar upplýsa stjórn um störf nefndanna í samræmi við starfsreglur. Stjórn Landsvirkjunar tekur upplýsingar og tillögur nefndanna til umfjöllunar og afgreiðslu á fundi sínum.

## 10. Endurskoðun

Stjórn Landsvirkjunar endurskoðar stefnu þessa eigi sjaldnar en þriðja hvert ár.

## 11. Gildistaka

Stefna þessi gildir frá og með staðfestingu stjórnar.

15. mars 2023

Stjórn Landsvirkjunar

